

# Fundargerð

Sjötti fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Teigarhorn, haldinn á Teams þann 17. september 2024, kl. 10:00.

## Fundarmenn:

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, Umhverfisstofnun  
Lára Björnsdóttir, Umhverfisstofnun  
Eiður Ragnarsson, Múlaþing  
Kristján Ingimarsson, Múlaþing  
Kristján Jónasson, Náttúrufræðistofnun  
Rúnar Matthíasson, Múlaþing  
Erna Hrönn Geirsdóttir, Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir

## Dagskrá fundar:

- Fara yfir stöðu verkefnisins
- Skógræktarsamningur
- Fara yfir drög að áætluninni
- Annað

## Efni fundar:

*Staða verkefnis:*

Umhverfisstofnun fór yfir hver staðan er á vinnslu áætlunarinnar. Vinnslan hefur verið í bið í nokkurn tíma en nú hefur verið ákveðið að halda áfram með það sem unnt er á meðan lokaniðurstaða kemst í þá þætti sem snúa að byggingum (húsakosti og þjónustuhúsi) og landvörslu. Nýr ábyrgðarmaður verkefnis hjá Umhverfisstofnun hefur tekið við verkefninu.

Umhverfisstofnun hefur verið að endurskoða efni áætlana og texti áætlunar Teigarhorns hefur tekið mið af því í fyrsta hluta áætlunarinnar og að hluta til í öðrum hluta.

*Skógræktarsamningur*

Áður en friðlýsingar Teigarhorns tóku gildi árið 2013 voru í gildi tveir skógræktarsamningar frá 2002 og 2006 við þáverandi landeiganda jarðarinnar. Í auglýsingu um friðlýsingu fólkvangs á Teigarhorni frá 2013 er kveðið á um að skógræktarsvæðin verði skipulögð sem útivistarsvæði til framtíðar og skuli grisjun taka mið af því og að ræktun og dreifing framandi plöntutegunda óheimil innan marka fólkvangsins í samræmi við reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda [nr. 583/2000](#).

Árið 2014 tekur í gildi samningur um þátttöku í landshlutaverkefni í skógrækt á milli Djúpavogshrepps og Héraðs- og Austurlandsskógar, með samþykki Jarðeigna ríkisins. Samningurinn kveður á um að sveitarfélagið skuldbindi sig til að taka til nytjaskógræktar 168 ha lands.

Umhverfisstofnun benti á að stofnunin er ekki aðili að þessum samningi og svo virðist sem hann hafi ekki komið til framkvæmdar. Ákvæði samningsins um nytjaskógrækt ganga gegn friðlýsingunni.

Ákveðið að fulltrúar Múlaþings skoði málið.

#### *Drög að stjórnunar- og verndaráætlun*

Umhverfisstofnun fór yfir uppbyggingu áætlunarinnar og helstu breytingar og yfirferð fyrsta hluta í samræmi við endurskoðun stofnunarinnar á efni stjórnunar- og verndaráætlana almennt.

Einnig var farið yfir nokkra þætti í öðrum hluta áætlunarinnar.

#### **Næstu skref:**

Umhverfisstofnun sendir samstarfshópnum skógræktarsamninginn frá 2014. Umhverfisstofnun mun vinna frekar í texta áætlunarinnar og senda á samstarfshópinn til yfirlestrar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:00.